

**Sp.**

**368. Tillaga til þingsályktunar**

[179. mál]

um varnir gegn heilsutjóni og heyrnarskemmdum af völdum hávaða í samkomuhúsum.

Flm.: Þórarinn Sigurjónsson, Oddur Ólafsson, Geir Gunnarsson,  
Jón Árm. Héðinsson, Karvel Pálmason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka, hvort heilsutjón og heyrnarskemmdir geti orsakast af hávaða frá hljóðfærum danshljómsveita á skemmtistöðum. Komi í ljós við slíka rannsókn, að þessi hávaði sé heilsuspillandi, skal ríkisstjórnin leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um varnir gegn hávaðamengun á skemmtistöðum.

**Greinargerð.**

Þessi þingsályktunartillaga var flutt á 94. löggjafarþingi, en ekki vannst tími til að afgreiða hana þá. Er hún því endurflutt nú, þar sem engar takmarkanir á hávaða hljóðfæra og hljómburðartækia á skemmtistöðum hafa enn verið settar.

Það er kunnugt, að mikill hávaði er talin vera heilsuspillandi og geta orsakað heyrnarskemmdir. Af þeim sökum munu víða gilda ákveðnar reglur um varnir gegn miklum hávaða á vinnustöðum.

Á síðustu árum hefur gætt aukins hávaða í samkomuhúsum, þar sem hljómsveitir leika fyrir dansi. Er það álit að minnsta kosti sumra löggæslumanna, sem allanga reyndu hafa af eftirliti á danssamkomum, að hávaðinn frá hljóðfærum heim, sem þar eru notuð og tengd eru við magnara til að auka hljómstyrkinn auki greinilega á hegðun margra samkomugesta til hins verra og að auki hljóti slíkur hávaði að vera stórhættulegur fyrir heyrn manna.

Fyrir nokkrum árum lét lögreglan í Árnassýslu mæla tónhæðina í nokkrum samkomuhúsum þar, og reyndist hún vera fyrir ofan þau mörk, sem hættulaus geta talist.

Félag áfengisvarnanefnda í Árnassýslu hefur fyrir allmörgum árum tekið þetta mál til munnæðu og gerði eftirfarandi ályktun um það:

„Aðalfundur Félags áfengisvarnanefnda í Árnassýslu, haldinn á Selfossi 16. desember 1973, leggur að margoefnu tilefni áherslu á hættu, er fólki, sem sækir opinberar samkomur, er búin af þeim gegndarlausu hávaða, sem ýmsar danshljómsveitir temja sér. Því beinir fundurinn þeirri áskorun til stjórnvalda, að þau hlutist til um, að hið fyrsta verði sett lög, sem tryggi, að fólk bíði ekki heilsutjón af völdum hávaðamengunar í samkomuhúsum.“